

Draugar fortíðar – áhrif í nútíð.

Inngangur.

Í síðustu kjaraviðræðum var hugtakið „kostnaðarhlutdeild“ oft notað og var þá verið að vísa til áhrifa olíuverðs á skiptaverð til sjómanna. Í grein frá manni sem ritstýrir fréttablaði úti á landi var því haldið fram að sjómenn greiddu alla olíuna fyrir útgerðarmenn og gott betur. Ýmsar rangfærslur og fullyrðingar voru settar fram á samfélagsmiðlunum meðan á síðustu kjaradeilu milli sjómanna og útvegsmanna stóð sem ekki var hægt að leiðrétta enda töldu þeir sem slíkan málflutning settu fram sig vita betur en allir aðrir. Jafnvel gekk svo langt að Háskólamenntaður viðskiptalögfræðingur hélt því fram að launahlutfallið hjá útgerðinni miðaðist aðeins við 70% af tekjunum hennar.

Í stuttri grein er því gerð tilraun til að upplýsa um þær breytingar sem urðu þegar sjóðakerfi sjávarútvegsins var lagt niður í maí árið 1986 og ástæðu þess að ákveðið var í kjarasamningum í janúar 1987 að tengja olíuverð við skiptaverð til sjómanna.

Bráðabirgðalög 1983.

Nokkrum árum áður en sjóðakerfið var afnumið eða árið 1983 varð svokölluð kostnaðarhlutdeild til. Í maí 1983 tók ný ríkisstjórn við völdum og var fyrsta verk hennar að setja bráðabirgðalög um ráðstafanir í sjávarútvegs málum. Árin á undan hafði verið á olíu á heimsmarkaði hækkað verulega. Útgerðin á Íslandi stóð höllum fæti eins og svo oft áður og hafði verið gripið til þess ráðs að niðurgreiða olíuna til fiskiskipa. Við lýði var svokallað olíugjald og olíusjóður í þeim tilgangi að niðurgreiða olíuverðið til útgerðarinnar. Um tilurð þessara sjóða verður ekki fjallað nánar hér en þeir urðu til í olíukreppunni á árunum fyrir 1983.

Eins og getið var um að framan var fyrsta verk þeirra ríkisstjórnar sem tók við völdum í maí 1983 að setja bráðabirgðalög um ráðstafanir í sjávarútvegs málum auk þess sem gengi íslensku krónunnar var fellt um 14,6% samhliða þessum aðgerðum.

Í forsendum fyrir bráðabirgðalögunum segir:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að í stjórnarsáttmála flokkanna, sem nú hafa myndað ríkisstjórn, séu ákveðnar víðtækar efnahagsráðstafanir er brýna nauðsyn beri til að hrinda í framkvæmd þegar í stað til þess að draga úr verðbólgu, tryggja atvinnuöryggi og treysta stöðu þjóðarbúsins út á við, og vernda hag þeirra, sem við lökust kjör búa; þar á meðal séu ráðstafanir til þess að mæta rekstrarvanda í sjávarútvegi, einkum í útgerð fiskiskipa. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:“

Síðan eru taldar upp 6 greinar laganna. Í 6. gr. laganna eru löggin um olíusjóð og olíugjaldið felld brott frá og með 1. júní 1983. Í stað olíusjóðsins og olíugjaldsins skal, skv. 1. grein bráðabirgðalaganna, fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni sérstakan kostnaðarhlut útgerðar er nemi 29% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Þessi sérstaki kostnaðarhlutur kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna. Þó skulu 4% af þessum kostnaðarhlut koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum, sem eru 240 brúttórúmlestir eða minni, en 25% ekki. Þetta voru sem sagt helstu efnisatriði þessara bráðabirgðalaga sem voru síðan staðfest á Alþingi. Þarna kemur inn hugtakið „kostnaðarhlutur“ og er það hugtak notað enn þann dag í dag. Vissulega voru

